

gjört. Allur sakarkostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannaþje, þar með talin laun verjanda fyrir aukarjettinum, sem þykja hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4 kr., og málfutningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, Ásmundur Jónsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Allur löglegur kostnaður af málinu greiðist af almannaþje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, Lárusar Halldórssonar, 4 krónur, og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Jóns landritara Jenssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Nr. 22/1887.

Kristján Ó. Þorgrímsson
gegn
E. Egilsson.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur-kaupstaðar, upp kveðnum 10. dag júlímán. 1884, var hinn stefndi, Egill Egilsson, dæmdur til þess að greiða áfrýjandanum, Kristjáni Ó. Þorgrímssyni, 103 kr. 16 aur. með 5% árs-vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og 15 kr.

í málskostnað. Dómi þessum hefur Kr. Ó. Þorgríms-son nú áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. marzmán. þ. ár, og krafizt þess, að hann verði í heild sinni staðfestur, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi. Hinn stefndi, E. Egilsson, hefur aptur á móti krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá yfirdómi, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða í »kost og tæring« 30 kr. eða eitthvað nægilegt eptir mati dómsins, og hefur hann jafnframt skýrt frá málavöxtum á þá leið, að hann hafi þegar hinn 8. desember 1884 áfrýjað til landsyfirdómsins bæjarþingsdómi þeim, sem nú er áfrýjað til staðfestingar, og hefur hann nú lagt fram hina frumrituðu yfirdómsstefnu, en eptir henni átti málið þá að koma fyrir yfirdóminn hinn 26. janúar 1885; var hún birt áfrýjanda máls þessa dag þann, sem hún var gefin út; en hinn 21. janúar 1885 tilkynntu málspartarnir justitiariusi í yfirdóminum, að eptir samkomulagi milli þeirra sje mál það, »sem jeg meðundirskrifaður Egilsson hefi stefnt fyrir yfirdóminn með stefnu, dags. 8. desember f. ár, sem falla á í rjett þ. 26. þ. m., alveg niður fallið frá báðum hliðum, og verður ekki framar fyrir tekið.« Hið frumritaða brjef málspartanna, undirskrifað af þeim báðum, hefur verið fram lagt fyrir yfirdóminum í þessu máli. Með því að, brjefið inniheldur ótvíræðan samning milli málspartanna, skuldbindandi fyrir þá báða, um það að einmitt mál það, sem nú er undir áfrýjun, skuli eigi verða framar fyrir tekið, þá ber að vísa því frá yfirdóminum eptir kröfu stefnda, og skylda áfrýjandann til að greiða honum kost og tæring, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn, Kr. Ó. Þorgrímsson, greiði hinum stefnda, E. Egilsson, 15 — fimmtán — krónur í kost og tæring, er lúkist innan 8 vikna eptir lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. júnímán.

Nr. 10/1887.

Guðmundur Hannesson
gegn
Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðað af Jóni bónda Jónssyni á Vestri-Loptsstöðum í Árnessýslu gegn Guðmundi bónda Hannessyni á Tungu í sömu sýslu út af borgun fyrir skips-uppsátur, og var Guðmundur með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum 17. jan. p. á., dæmdur til að greiða Jóni uppsáturs-toll fyrir árið 1884—85 með 30 fiskum, eða 9 kr. 30 aur., svo og vexti af þessari upphæð frá kærudegi til borgunardags 4⁰/₁₀₀ og málskostnað með 40 krónum.

Þessum dómi hefur Guðmundur Hannesson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. febr. p. ár, og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda; að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óparfa málsýfingu og til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með allt að 100 kr., eða eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Jón Jónsson, kraf-